

Fundargerð háskólaráðs 8. nóvember 2018

Meistarastofa kl. 14.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Jón Snorri Snorrason (vm) fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype) og Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema og Brynjar Elefsen Ólafsson fulltrúi meistarana.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Signý Óskarsdóttir gæðastjóri.

Fjarverandi: Daníel Alexander fulltrúi grunnema.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Fjármál – drög að rekstraráætlun 2019

Fjármálastjóri fer yfir rekstraráætlun ársins í samanburði við áætlun. Útkoman er nokkuð nærri því sem áætlað var, hann gerir ráð fyrir að niðurstaðan verði aðeins lægri en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Hann fer einnig yfir hvernig tekjurnar koma inn eftir deildum og sviðum skólans.

Fjármálastjóri kynnir drög að fjárhagsáætlun næsta árs. Gert er ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna tölvu- og tæknimála, lagfæringum á húsnæði skólans og launahækkunum. Gert er ráð fyrir hækkun skólagjalda næsta haust, í samræmi við stefnu þar að lútandi. Miðað við drögin er gert ráð fyrir að árið 2019 geti komið út með hagnaði, miðað er við að reksturinn sé sjálfbær.

3. Stefna skólans – drög 2019

Rektor kynnir drög að stefnu skólans 2019 – 2022. Hann fer yfir einstaka kafla, m.a. um helstu verkefni og nýjungar á árinu 2018, svo sem nýtt námslíkan, samstarf við LbHÍ, nýjar námslínur, reglur um kynferðislegt og kyndbundið ofbeldi og áreiti, töluvert alþjóðlegt samstarf hefur verið í gangi. Það sem má betur fara er t.d. að ganga þarf frá þjónustusamningi við ráðuneytið, hollvinasamtökin vannýtt og fækkun íbúa á Bifröst. Forgangsmál eru m.a. nýjar námslínur m.a. á ensku einnig í sumarskólanum, samstarf vegna Kaospilot náms, innleiðing á Uglu, sjálfsmatsskýrsla félagsvísinda og lagadeildar verður í vinnslu sem og sjálfsmatsskýrsla f. skólann. Stofnanaúttekt er 2020. Jafnlaunavottun er í undirbúningi. Haldið verður áfram í alþjóðavæðingu með nýjar námslínur 2020. Taka þarf upp nýtt bókhalds- og fjármálakerfi.

Rektor kynnir árangursmælikvarða, s.s. um nemendafjölda, hlutfall akademískra starfsmanna með doktorsgráðu, rannsóknarstig, fjölda skiptinema og virkni nemenda. Stefnuskjalið mun verða afgreitt í stjórn skólans á fundi hennar í desember.

4. Tillögur til breytinga á reglugerð skólans vegna breytinga á siðareglum

Rektor kynnir tillögu sína um breytingu á reglugerð skólans vegna skipunar siðanefndar, háskólaráð muni samþykkja hverjir sitji í ráðinu, skv. tillögu frá rektor.

5. Alþjóðavæðing – Kaospilot málið

Rektor kynnir möguleika á samstarfi við – Kaospilot, skóli í Árósum sem hefur starfað frá 1999 og Hjallastefnuna þar sem verið er að vinna að því að bjóða uppá námslínu við Háskólann á Bifröst. Viðræður hafa staðið yfir og verið er að skoða nánar hvernig hægt væri að koma samstarfi um nám fyrir erlenda stúdenta. Nemendur myndu útskrifast frá Háskólanum á Bifröst. Heimild komin frá stjórninni um áframhald viðræðna.

6. Gæðamál

Gæðastjóri segir frá stöðu gæðamála innan skólans. Viðskiptadeild hefur skilað sjálfsmatskýrslu og félagsvísinda- og lagadeild hefur hafið vinnu við sína skýrslu. Hún segir frá áætlun um umbótamiðað gæðastarf sem liggur fyrir. Í janúar 2019 hefst undirbúningur fyrir innra mat stofnunarinnar. Leggur til að rektor, deildarforsetar, gæðastjóri, umsjónarmaður kennsluferfa, kennslustýra og tveir nemendur verði í sjálfsmatshópnum. Ítrekar hve mikilvægt er að fulltrúar nemenda verði með og að þeir verði virkir fulltrúar. Gæðahandbókin er í endurskoðun, en verið er að einfalda framsetninguna og fækka skjölum. Verið að skoða hvernig viðhorf skiptinema eru könnuð innan skólans. Gæðastjóri telur að það þurfi að skoða nánar hvernig nemendur koma að gæðastarfi skólans.

7. 100 ára afmælishátíð 3. desember

Rektor kynnir dagskrá afmælishátíðar 3. desember nk. Forseti Íslands ávarpar samkomuna sem hefst kl. 14.20 og stendur til kl 15.00. Allir velkomnir.

8. Vinnuhópur um framtíðarskipan húsnæðis og tæknimála

Fjármálastjóri segir frá undirbúningi að skipan hóps um húsnæðis- og tæknimála. Kallað hefur verið eftir fulltrúum nemenda og frá deildum og sviðum innan skólans.

9. Tímasetning háskólaráðsfund

Bjarni Heiðar óskar eftir að við tímasetningu funda háskólaráðs verði tekið tillit til kennslu í staðnámi. Rektor þakkar fyrir ábendinguna og mun taka tillit til þessa.

10. Bifröst – fjölskylduvænn staður ?

Bjarni Heiðar spyr um stefnu skólans varðandi útleigu á húsnæði á svæðinu. Fram koma áhyggjur af stöðu mála hvað það varðar. Rektor og fjármálastjóri upplýsa um útleigu til Borgarbyggðar á húsnæði, sem hafi runnið út í lok október. Stefnt að því að halda íbúafund á næstunni.

11. Vinnuaðstaða nemenda

Bjarni Heiðar spyrst fyrir um aðstöðu sem átti að koma upp í gömlu búðinni og var rætt í háskólaráði í fyrra. Rektor upplýsir um stöðu málsins. Vinnuhópur um húsnæðismál mun skoða málið.

12. Ummæli rektors um staðnám í viðtali við RÚV

Bjarni Heiðar spyrst fyrir um afstöðu skólans gagnvart staðnáminu. Skort hafi á að prófaframkvæmdin hafi verið nægilega góð í lotu 1 m.a vegna Exam4.

13. Erindi til LÍN vegna hámarks skólagjaldalán

Rektor upplýsir að nemendur hafi haft samband þar sem þau eru komin að hámarki LÍN í námslánnum. Rektor hefur sent bréf til LÍN vegna þessa.

14. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.05

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir